**Samkomulag**
**um breytingu á kjarasamningi**
**milli**
**Samtaka atvinnulífsins**
**og**
**stéttarfélaga innan BHM sem aðild eiga að kjarasamningi**
**dags. 22. september 2011**

Iðgjöld til lífeyrissjóðs hjá háskólamönnum sem falla undir kjarasamning SA og aðildarfélaga BHM hafa verið þau sömu og hjá öðrum launamönnum á almennum vinnumarkaði. Á þeim grundvelli hafa aðilar náð eftirfarandi samkomulagi um samræmingu lífeyrisiðgjalda.

Grein 6.7.1 í kjarasamningi aðila orðist svo:

Starfsmaður greiðir 4% af launum í lífeyrissjóð og atvinnurekandi greiðir 8,5% mótframlag. Mótframlag atvinnurekanda hækkar og verður:

Frá 1. júlí 2017: 10,0%

Frá 1. júlí 2018: 11,5%

Um skiptingu gjaldsins í samtryggingarsjóð og séreignarsjóð fer samkvæmt lögum um lífeyrissjóði og eftir atvikum samþykktum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs.

Óski starfsmaður þess að eiga aðild að lífeyrissóði þar sem lágmarksiðgjald er hærra en samkvæmt framansögðu er heimilt að semja um viðbótarframlag.

Reykjavík, 25. nóvember 2016

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Árnason

f.h. hlutaðeigandi aðildarfélaga BHM e.u.

Maríanna H.

Guðrún A. Sigurðardóttir

Hallur P. Jónsson